

AUGLÝSING

um breytingu á reglum nr. 408/2007, um aðferðir við magngreiningu textíltrefjablandna.

1. gr.

Við 2. gr. reglnanna bætist nýr töluliður, d-liður, svohljóðandi:

- d. Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/4/EB frá 2. febrúar 2007 um breytingu á II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/73/EB um tilteknar aðferðir við magngreiningu textíltrefjablandna úr tveimur eignum í því skyni að laga viðaukann að tækniframförum.

2. gr.

Við 3. gr. reglnanna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar og EB-gerðin, sem vísað er til í d-lið 2. gr., eru birtar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB (ákvörðunin í 14. árgangi, hefti nr. 60 (13. desember 2007), bls. 11). EB-gerðin er jafnframt birt sem fylgiskjal með reglum þessum.

3. gr.

Framangreindar breytingar, sem innleiða tilskipun 2007/4/EB, eru settar með heimild í 18. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Neytendastofu, 30. október 2008.

Tryggvi Axelsson.

Hjördís Björk Hjaltadóttir.

Fylgiskjal.**TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2007/4/EB**

frá 2. febrúar 2007

um breytingu á II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/73/EB um tilteknar aðferðir við magngreiningu textiltrefjablandna úr tveimur efnum í því skyni að laga viðaukann að tækniframförum

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 96/73 frá 16. desember 1996 um tilteknar aðferðir við magngreiningu textiltrefjablandna úr tveimur efnum⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/74/EB frá 16. desember 1996 um textílhéiti⁽²⁾ er þess krafist að í merkingum komi fram trefjasamsetning textílvara og kanna skal með greiningu hvort þær séu í samræmi við upplýsingar á merkimiða.
- 2) Í tilskipun 96/73/EB er kveðið á um samræmdar aðferðir við magngreiningu textiltrefjablandna úr tveimur efnum.
- 3) Á grundvelli nýlegra niðurstaðna frá tæknilegum vinnuhópi var tilskipun 96/74/EB löguð að tækniframförum með því að bæta trefjategundinni elastólefini við í skrána yfir trefjar í I. og II. viðauka við þá tilskipun.
- 4) Því er nauðsynlegt að skilgreina samræmdar prófunaraðferðir fyrir elastólefin.
- 5) Því ber að breyta tilskipun 96/73/EB til samræmis við það.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um tilskipanir um textílhéiti og merkingar textílvara.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við tilskipun 96/73/EB er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykka nauðsynleg lög og stjórnslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 2. febrúar 2008. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar. Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 2. febrúar 2007.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Günter VERHEUGEN

varaforseti.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 32, 3.2.1997, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/2/EB (Stjtið. ESB L 5, 10.1.2006, bls. 10).

⁽²⁾ Stjtið. EB L 32, 3.2.1997, bls. 38. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/3/EB (Stjtið. ESB L 5, 10.1.2006, bls. 14).

VIDAUKI

Ákvæðum II. viðauka við tilskipun 96/73/EB er breytt sem hér segir:

1. Ákvæðum I. þáttar í 1. kafla er breytt sem hér segir:

a) Í lið 1.3, „Efni og tækjabúnaður“, bætist eftirfarandi liðir við:

„1.3.2.4. Aseton

1.3.2.5. Ortófosfórsýra

1.3.2.6. Þvagefni (úrea)

1.3.2.7. Natriumbikarbónat“

b) Í stað liðar 1.6., „Formeðferð rannsóknarsýnis“, komi eftirfarandi:

„Ef efni er til staðar sem ekki ber að taka tillit til við útreikninga hundraðshluta (sjá 3. mgr. 12. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 96/74/EB frá 16. desember 1996 um textilheiti) ber fyrst að fjarlægja það á viðeigandi hátt sem ekki skaðar efnishluta trefjanna.

Í þessu skyni eru önnur efni en trefjar, sem unnt er að draga út með jarðolíueter (light petroleum) og vatni, fjarlægð með því að hið lofþurrkaða rannsóknarsýni hljóti meðferð í Soxhlet-útdráttartæki með jarðolíueter í eina klukkustund með minnst sex lotum á klst. Jarðolíueterinn er látinn gufa upp af sýninu sem er síðan dregið út með beinni meðhöndlun sem felst í því að sýnið er látið liggja í vatni við herbergishita í eina klukkustund og síðan látið liggja í vatni við 65 ± 5 °C í aðra klukkustund og er vökvinn hristur öðru hverju. Hlutfall vökva og sýnis skal vera 100:1. Umframvatn er kreist úr sýninu eða það er fjarlægt með loftsogi eða í skilvindu og síðan skal sýnið látið lofþorna.

Ef um er að ræða elastólefin eða trefjablöndur, sem innihalda elastólefin og aðrar trefjar (ull, dýrahár, silki, baðmull, hör, hamp, jútu, manilahamp, alfa, kókostrefjar, gifil, rami, sísal, kúpró, módal, prótín, viskósa, akrýl, pólýamíð eða nælon, pólýester, elastóljólester) skal aðferðinni, sem lýst er hér að framan, breytt lítillega þar sem jarðolíueter (light petroleum ether) skal skipt út fyrir asetón.

Þegar um er að ræða trefjablöndur elastólefins og asetats skal nota eftirfarandi aðferð sem formeðferð. Sýnið er dregið út í 10 mínútur við 80 °C með lausn sem inniheldur 25 g/l af 50% ortófosfórsýru og 50 g/l af þvagefni (úrea). Hlutfall vökva og sýnis skal vera 100:1. Sýnið er skolað með vatni, þá er það þurrkað og skolað með 0,1% natriumbikarbónatlausn og að lokum skolað vandlega með vatni.

Reynist ekki unnt að draga út önnur efni en trefjar með jarðolíueter og vatni skal fjarlægja þau með því að gripa til viðeigandi meðferðar í stað vatnsmeðferðarinnar, sem lýst var hér að framan, sem veldur ekki umtalsverðum breytingum á neinum efnishlutum trefjanna. Að því er varðar nokkrar óbleiktar, náttúrulegar plöntutrefjar (t.d. jüta og kókostrefjar) skal taka tillit til þess að við hefðbundna formeðferð með jarðolíueter og vatni er ekki unnt að fjarlægja öll náttúruleg efni önnur en trefjar; engu að síður er aukalegri formeðferð ekki beitt nema sýnið innihaldi frágangsefni (finishes) sem eru óleysanleg bæði í jarðolíueter og vatni.

Í rannsóknarskýrslum skal vera nákvæm lýsing á aðferðum sem er beitt við formeðferð.“

2. Ákvæðum 2. kafla er breytt sem hér segir:

a) Í stað yfirlitstöflunnar yfir sérstakar aðferðir komi eftirfarandi:

„2. SÉRSTAKAR AÐFERÐIR – YFIRLITSTAFLA

Aðferðir	Gildissvið		Prófefni
	Leysanlegur efniþáttur	Óleysanlegur efniþáttur	
Nr. 1	Asetat	Tilteknar aðrar trefjar	Aseton
Nr. 2	Tilteknar prótín trefjar	Tilteknar aðrar trefjar	Hýpóklórít
Nr. 3	Viskósa, kúpró eða tilteknar gerðir módals	Baðmull eða elastólefin	Maurasýra og sinkklóríð
Nr. 4	Pólýamið eða nælon	Tilteknar aðrar trefjar	80% maurasýra (massahlutfall)
Nr. 5	Asetat	Triasetat eða elastólefin	Bensýlalkóhól
Nr. 6	Triasetat eða pólýlaktíð	Tilteknar aðrar trefjar	Diklórmétan
Nr. 7	Tilteknar beðmistrefjar	Baðmull, elastófjolester eða elastólefin	75% brennisteinssýra (massahlutfall)
Nr. 8	Akrýltrefjar, tilteknar módakrýltrefjar eða tilteknar klórtrefjar	Tilteknar aðrar trefjar	Dimetýlformamið
Nr. 9	Tilteknar klórtrefjar	Tilteknar aðrar trefjar	Koldísúlfíð/aseton, 55,5/44,5 (rúmmálshlutfall)
Nr. 10	Asetat	Tilteknar klórtrefjar eða elastólefin	Ísedik
Nr. 11	Silki	Ull, hár eða elastólefin	75% brennisteinssýra (massahlutfall)
Nr. 12	Júta	Tilteknar dýratrefjar	Köfnunarefnisinnihald
Nr. 13	Pólýprópýlen	Tilteknar aðrar trefjar	Xýlen
Nr. 14	Tilteknar aðrar trefjar	Klórtrefjar (einsleitar fjölliður vínýlklóríðs) eða elastólefin	Óblönduð brennisteinssýra
Nr. 15	Klórtrefjar, tilteknar gerðir módakrýla, tilteknar gerðir elastana, asetót, triasetót	Tilteknar aðrar trefjar	Sýklóhexanon“

b) Í stað 2. undirliðar 1. liðar í aðferð nr. 1 komi eftirfarandi:

„2. ull (1), dýrahári (2 og 3), silki (4), baðmull (5), hör (7), hampi (8), jútu (9), manilahampi, (10), alfa (11), kókostrefjum (12), gifli (13), ramii (14), sísalí (15), kúprói (21), módali (22), prótíni (23), viskósu (25), akrýli (26), pólýamiði eða næloni (30), pólýester (34) og elastófjolester (45) og elastólefíni (46). Þessari aðferð er aldrei beitt á asetattrefjar þar sem asetýl hefur verið fjarlægt af yfirborði.“

c) Í stað 2. undirliðar 1. liðar í aðferð nr. 2 komi eftirfarandi:

„2. baðmull (5), kúprói (21), viskósu (25), akrýli (26), klórtrefjum (27), pólýamiði eða næloni (30), pólýester (34), pólýprópýleni (36), elastani (42), glertrefjum (43), elastófjolester (45) og elastólefíni (46). Ef prótín trefjarnar eru af tveimur tegundum eða fleiri veitir aðferðin upplýsingar um heildarmagn þeirra en ekki hundraðshluta hvers og eins.“

d) Í stað 2. undirliðar 1. liðar í aðferð nr. 3 komi eftirfarandi:

„2. baðmull (5) og elastólefíni (46).“

e) Í stað 5. liðar í aðferð nr. 3 komi eftirfarandi:

„5. ÚTREIKNINGUR OG FRAMSETNING NIÐURSTAÐNA

Reikna skal niðurstöður út á þann hátt sem er lýst í almennu leiðbeiningunum. Gildi „d“ er 1,02 fyrir þaðmull og 1,00 fyrir elastólefin.“

f) Í stað 2. undirliðar 1. liðar í aðferð nr. 4 komi eftirfarandi:

„2. ull (1), dýrahári (2 og 3), þaðmull (5), kúprói (21), módali (22), viskósu (25), akrýli (26), klórtrefjum (27), pólyester (34), pólyprópyleni (36), glertrefjum (43), elastófjölester (45) og elastólefini (46).

Eins og að framan greinir gildir þessi aðferð einnig fyrir blöndur sem innihalda ull, en fari ullarmagnið yfir 25% skal nota aðferð nr. 2 (ull leyst upp í natríumhýpóklóritlausn).“

g) Í stað 1. liðar í aðferð nr. 5 komi eftirfarandi:

„1. GILDISSVIÐ

Þessi aðferð er notuð, eftir að önnur efni en trefjar hafa verið fjarlægð, fyrir blöndur úr tveimur efnum:

— asetati (19)

og

— tríasetati (24) og elastólefini (46).“

h) Aðferð nr. 6 er breytt sem hér segir:

i. Í stað 2. undirliðar 1. liðar komi eftirfarandi:

„2. ull (1), dýrahári (2 og 3), silki (4), þaðmull (5), kúprói (21), módali (22), viskósu (25), akrýli (26), pólyamíði eða næloni (30), pólyester (34), glertrefjum (43), elastófjölester (45) og elastólefini (46).

Athugasemd

Tríasetattrefjar, sem hafa verið meðhöndlaðar með frágangsefnum sem hefur leitt til vatnsrofs að hluta, verða ekki lengur að öllu leyti leysanlegar í prófefninu. Í þeim tilvikum er aðferðin ónothæf.“

ii. Í stað 5. liðar komi eftirfarandi:

„5. ÚTREIKNINGUR OG FRAMSETNING NIÐURSTAÐNA

Reikna skal niðurstöður út á þann hátt sem er lýst í almennu leiðbeiningunum. Gildi „d“ er 1,00 nema þegar pólyester, elastófjölester og elastólefin eru annars vegar en þá er það 1,01.“

i) Í stað 2. undirliðar 1. liðar í aðferð nr. 7 komi eftirfarandi:

„2. pólyester (34), elastófjölester (45) og elastólefini (46).“

j) Í stað 2. undirliðar 1. liðar í aðferð nr. 8 komi eftirfarandi:

„2. ull (1), dýrahári (2 og 3), silki (4), þaðmull (5), kúprói (21), módali (22), viskósu (25), pólyamíði eða næloni (30), pólyester (34) elastófjölester (45) og elastólefini (46).

Hún á jafnt við um akrýltrefjar og tiltekna mókakrýltrefjar, sem hafa verið meðhöndlaðar með málmauknum leysilítum, en ekki um þær sem litaðar eru með eftirkrómuðum leysilítum.“

- k) Í stað 2. undirliðar 1. liðar í aðferð nr. 10 komi eftirfarandi:
„2. tilteknum klórtrefjum (27), þ.e. pólývínýlklóríði, einnig klórbornum eftir á og elastólefini (46).“
- l) Aðferð nr. 11 er breytt sem hér segir:
- i. Í stað 2. undirliðar 1. liðar komi eftirfarandi:
„2. ull (1), dýrahári (2 og 3) og elastólefini (46).“
- ii. Í stað 5. liðar komi eftirfarandi:
„5. ÚTREIKNINGUR OG FRAMSETNING NIÐURSTAÐNA
Reikna skal niðurstöður út á þann hátt sem er lýst í almennu leiðbeiningunum. Gildi „d“ er 0,985 fyrir ull og 1,00 fyrir elastólefin.“
- m) Aðferð nr. 14 er breytt sem hér segir:
- i. Í stað 1. undirliðar 1. liðar komi eftirfarandi:
„1. klórtrefjum (27) sem eru úr einsleitum fjölliðum vínýlklóríðs, einnig klórbornum eftir á, og elastólefini (46) og“
- ii. Í stað 2. liðar komi eftirfarandi:
„2. MEGINREGLA
Efnispátturinn, að klórtrefjunum og elastólefininu undanskildum (þ.e. þeim trefjum sem tiltekna eru í 2. undirlið 1. liðar), er fjarlægður úr þekktum, þurrum efnismassa af blöndunni með því að leysa hann upp í óblandaðri brennisteinssýru (hlutfallslegur eðlismassi 1,84 við 20 °C). Leifinni, sem samanstendur af klórtrefjunum eða elastólefininu, er safnað saman, hún skoluð, þurrkuð og vegin; efnismassi hennar, leiðrétt ef nauðsyn krefur, er gefinn upp sem hundraðshluti þurs efnismassa blöndunnar. Hundraðshluti hins efnispáttarins er reiknaður út frá mismuninum.“